



## Sunnudagaskóli Einarstöðum

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi  
sunnudag, 29. nóvember klukkan 11:00.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.



## Kyrrðar- og bænastund Nesi

Kyrrðar- og bænastund verður í Nesi,  
miðvikudagskvöldið 2. desember klukkan 20:00.

Allir velkomnir.  
Séra Þorgrímur.



## Frá Stórutjarnaskóla

### *Danssýning og fullveldisdagskrá*

Þessa viku stendur yfir danskennsla í Stórutjarnaskóla. Henni lýkur með danssýningu, **föstudaginn 27. nóvember**, sem fléttuð verður við stutta dagskrá í tilefni af fullveldisdeginum 1. desember. **Dagskráin hefst kl 13:30.**

Fríar veitingar að lokinni dagskrá

Allir velkomnir

*skólastjóri*

## *Móðirin í ljóðum Davíðs*

### *Dagskrá um Davíð Stefánsson*

*í umsjá Valgerðar H. Bjarnadóttur*

**Gamla barnaskólanum í Skógum, Fnjóskadal**

**Föstudag, 27. nóvember kl. 20 til 22**

Þessa kvöldstund fjallar Valgerður um Davíð og tengsl hans við móður sína og aðrar konur sem voru honum fyrirmyndir, en einnig móðurhugtakið, eins og það birtist í ljóðum hans. Hún les ljóð sem tengjast umræðuefninu og spjallar við gesti.

**Kaffi/te og með því. Aðgangseyrir kr. 1.200.-**

Sjá nánar á <https://www.facebook.com/events/943296679078019/>

*Verið velkomin!*

Haust 2015



MENNINGARMIÐSTÖÐ  
PINGEYINGA

Í tilefni aldarafmælis  
kosningaréttar kvenna  
á Íslandi



SÖFNARÁÆTLUN  
HÖNDUPLANDS EYSTA

Myrkt baðstofukvöld  
á Grenjaðarstað laugardaginn 28. nóvember kl. 21.30 – 22.30



Fanney Kristjáns Sniðlaugardóttir  
ætlar að syngja og segja fjöðlegar sögur  
við kentaljós á baðstofukvöldi.

Skemmtunin fer fram bæði inni í gamla  
bænum og í höðunni (bíónustuhúsi).  
Aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar: [www.husmus.is](http://www.husmus.is)

Haust 2015



MENNINGARMIÐSTÖÐ  
PINGEYINGA

Í tilefni aldarafmælis  
kosningaréttar kvenna  
á Íslandi




SÖFNARÁÆTLUN  
HÖNDUPLANDS EYSTA

Leiksýning



**PÖGGUN**  
sagaþingja kvenna með þennu

Leikfélag Hörgðala sýnir PÖGGUN í Safnahúsinu á Húsvík  
sunnudaginn 6. desember kl. 16.00 og 20.00

Handrit og leikstjórn: Jón Gunnar Þórðarson  
Óxir frá Höðum: Fanney Valsdóttir  
Skáld-Rósa: Margrét Sveinisdóttir  
Gæðry frá Klömbum: Sesselía Ólafsdóttir

„Mjög þýðing sem enginn sér minnsti óþagð  
þetta á sögu kvenna með þessu af!“  
Sáky Björk Sveinisdóttir

Húsnúmerin í síma 966 0170 & 966 0180 kl. 10.00–18.00  
Húsnúmer 2.500 kr.

Nánari upplýsingar: [www.husmus.is](http://www.husmus.is)



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum  
og auglýsingum þarf því að skila á  
þriðjudögum **fyrir**  
**kl. 15:00. 😊**

Síðasta Hlaupastelpan ársins kemur út  
17. desember og jólkveðjur verða birtar þá



ATH! Verð á auglýsingum  
Verð hálsíðu er. kr.2900.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk  
Jólaþveðja 1/3 síða kr 2500.-



## Kynningarfundur um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Pingeyjarsveit

Kynningarfundur verður haldinn fyrir íbúa um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Pingeyjarsveit sem tekið verður upp á næsta ári. Á fundinum munu fulltrúar frá Gámaþjónustu Norðurlands segja frá innleiðingu á nýju flokkunar- og endurvinnslukerfi og svara fyrirspurnum. Upplýsingabæklingur er nú þegar aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins um úrgangsmál og endurvinnslu. Bæklingurinn verður einnig sendur út til allra íbúa.

Haldnir verða tveir fundir á eftirfarandi stöðum:

**Félagsheimilinu Ýdölum, þriðjudaginn 1. desember kl. 20:00**

**Félagsheimilinu Ljósveitingabúð, miðvikudaginn 2. desember kl. 20:00**

Íbúar eru eindregið hvattir til að mæta, fá svör við fyrirspurnum og hafa tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri.

Sveitarstjóri



## Eldri borgarar Pingeyjarsveit athugið!

Þar sem öllum eldri borgurum er boðið til hátíðar í Framhaldsskólann á Laugum þriðjudaginn 1. des. fellur Opið hús í Seiglu – Litlulaugaskóla niður þann sama dag.

Starfsfólk.



## Íbúar Pingeyjarsveitar

Framhaldsskólinn á Laugum býður íbúum Pingeyjarsveitar til hátíðardagskrár 1. desember n.k. kl. 11:00 í tilefni af fullveldisdeginum og 90 ára afmæli skólahalds á Laugum.

Eldri borgurum er sérstaklega boðið að koma heim að Laugum kl 10:00 og ganga um staðinn og þiggja molasopa í matsalnum. Hátíðardagskrá hefst síðan kl. 11:00 í íþróttahúsinu og að henni lokinni er þeim boðið að þiggja veitingar í matsal skólans.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Skólameistari

## Héraðssamband Pingeyinga býður upp á jóla- og tækifærisgjafir

Hjá HSP er til sölu afmælisritið “HSP 100 ára – 1914-2014”; saga fyrrum héraðssambandanna HSP og UNP og síðar sameinaðs Héraðssambands Pingeyinga í máli og myndum yfir heila öld. Forláta lyklakippa merkt HSP fylgir hverri bók.

Þar að auki er hægt að kaupa góða málmenna og HSP-jakka merkta aldarafmælinu 1914-2014 og DVD-diska með afar skemmtilega gömlum upptökum af landsmótum UMFÍ á Laugum 1946 og 1961 og á Húsavík 1987.

Upplýsingar um verð og pöntun í netfangi; [hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is)



**ATH:** “HSP 100 ára”-bókin er einnig til sölu eftirfarandi stöðum; í verslunum Kópaskeri og Raufarhöfn, í íþróttahúsinu á Þórshöfn, í Dalakofanum á Laugum, í Sel-Hótel í Mývatnssveit, í Bókaverslun Þórarins á Húsavík og í Jónsabúð á Grenivík.

# DALAKOFINN

## Tilboð frá Kjörís

Nú er tilboð á Mjúkís 1 ltr. til jóla,  
þú kaupir 3 ltr. en borgar fyrir 2.

Í desember verður gefinn 5% afsláttur í verslun ef verslað er fyrir  
meira en 5000 kr. Ekki er gefinn afsláttur af tóbaki.

Mikið vöruúrval í verslun. Ávextir og grænmeti í miklu úrvali.

### Verslun og veitingastaður opin á sama tíma sem er:

Mánudagur – miðvikudagur	10 – 18
fimmtudagur – laugardagur	10 – 20
unnudagur	12 – 20

eldhúsið lokar 15 mín. fyrir lokun.

Styðjum við starfsemi í heimabyggð og  
verslun í Dalakofanum.

Við tökum vel á móti þér.

**Dalakofinn/Útibú ehf.**  
s. 464-3344 dalakofinn.is



## ADVENTUKVÖLD Í ÞORGEIRSKIRKJU

Sameiginlegt aðventukvöld fyrir Háls-Ljósavatns-og  
Lundarbrekkusóknir verður haldið í Þorgeirskirkju  
föstudagskvöldið 4. desember kl. 20.30. Kirkjukórar  
sóknanna syngja aðventulög undir stjórn Dagnýjar  
Pétursdóttur. Hlini Gíslason syngur einsöng.  
Ræðumaður er Guðrún Tryggvadóttir. Nemendur  
tónlistarskólans leika á hljóðfæri undir stjórn Mariku  
Alavere.

Verið öll hjartanlega velkomin!

47.tbl.  
26. nóv  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## Jólamarkaður á Laugum

**Laugardaginn 5. og sunnudaginn 6. desember** verða  
jólamarkaðsdagar á Laugum.

Frá klukkan 11 - 18

**Í Listasmiðjunni á Laugum – Breiðanesi**, þar sem  
verða vörur frá;

**Anitu, Flísinni - Allt með Tölu, stellaskarti,  
Olgu á Einarstöðum, Sigurgeir á Völlum og  
djúlsdesign / Júlíu Þrastardóttur gullsmið**

Frá klukkan 11 - 17

**Í Matarskemmuni** (gengt Kjarna) þar sem verða  
til sölu og kynntar vörur frá;

**Vallakotsbúinu og Línubakkelsi, Aðaldal**

Einnig verður opið í **Gáshandverki** hjá Gunnu í  
Kviindisdal frá klukkan 11 - 18 báða dagana.

Verið velkomin